



HVAR ER BANKINN?


Markmið:

Að nemendur þjálfast í að lýsa leið, vísa til vegar og segja til um staðsetningu. Þeir æfa orðin *beint áfram, framhjá, til hægri, til vinstri, á mót, við hliðina á, fyrir framan* o.fl. Hentar nemendum frá stigi tvö. Á efri stigum er líka hægt að leggja áherslu á fallstýringu forsetninganna og beygingar nafnorða.

Aðferð:

Leikurinn er upplýsingaleit. Tveir nemendur (A og B) vinna saman og annar fær blað merkt A og hinn fær blað merkt B. Nemandi með blað A fær upplýsingar um staðsetningu fimm staða sem B hefur ekki en B fær upplýsingar um fimm aðra staði. A fær líka að vita hvaða staðir það eru sem B veit um, en ekki *hvar* þeir eru (og öfugt). A þarf að komast því hvar staðirnir sem B veit um eru, með því að spyrja t.d: „hvernig fer Sebastian/Joanna í skólann“? Eða: „Hvar er skólinn?“ B bregst við með því að lýsa leiðinni eða staðnum þar sem skólinn er. Síðan spyr B um staðina sem A veit um.

A



Joanna þarf að fara á þessa staði:


- í skólann
- í blómabúð
- á ljósmyndastofu
- í ísbúð
- í húsdýragarðinn

Spurðu B hvernig Joanna fer á þessa staði.

Dæmi: *Hvernig fer Joanna í blómabúðina?*

Hvar er blómabúðin?

B



Sebastian þarf að fara á þessa staði:

- til tannlæknis / á tannlæknastofu
- í fatahreinsun
- á listasafn
- í líkamsrækt
- á hárgreiðslustofu

Spurðu A hvernig Sebastian fer á þessa staði.

Dæmi: *Hvernig fer Sebastian á tannlæknastofuna?*

Hvar er tannlæknastofan?